

Akranesi 8. október 2025.

Ágæti viðtakandi.

Mæðrastyrksnefnd Akraness er farin að huga að hinni árlegu jólaúthlutun og við leitum á náðir fyrirtækja og stofnana til þess að geta veitt þeim sem minna mega sín í samfélaginu tækifæri til að halda jól og áramót með fólkinu sínu.

Fyrir síðustu jól fengu á annan hundrað fjölskyldur á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit úthlutað hjá okkur og svipaður fjöldi einnig fyrir páska.

Við úthlutuðum bæði gjafakortum og matvöru í fyrra og við vonumst til að geta gert slíkt hið sama í úthlutninni í desember.

Með þessu bréfi óskum við eftir styrk frá Akraneskaupstað.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Mæðrastyrksnefndar Akraness

Sigrún Ríkharðsdóttir, formaður.

Ingunn Hallgrímsdóttir,

Herdís Jónsdóttir,

Sandra Björk Ólafsdóttir,

Rósa María Sigurbjörnsdóttir.